



Reykjavík 18. október 2022

SAMKOMULAG UM AÐ LJÚKA MÁLI MEÐ SÁTT

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál Birtu lífeyrissjóðs (hér eftir málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunaraskyldu (hér eftir luf.) með því að tilkynna ekki um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Sýn hf. (hér eftir Sýn) innan lögbundins tímafrests.

Með bréfi dags. 9. júní 2022 lýsti málsaðili vilja til að ljúka málinu með sátt við fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið telur málið upplýst og forsendur til að ljúka málinu með samkomulagi um sátt við málsaðila.

I. Málsmeðferð

Málsaðili sendi með tölvubréfi 26. apríl 2022 tilkynningu til fjármálaeftirlitsins um breytingu á eignarhlut málsaðila í Sýn vegna hlutfjárlekkunar sem hafði verið ákveðin á aðalfundi Sýnar 18. mars 2022. Þá sendi málsaðili fjármálaeftirlitinu tölvubréf 29. apríl 2022 þar sem atvikum þeim var lýst sem leiddu til brots málsaðila á flöggunarreglum og til hvaða aðgerða málsaðili hafði gripið til að tryggja að flöggunartilkynningar yrðu framvegis sendar innan lögbundins tímafrests. Með bréfi fjármálaeftirlitsins dags. 23. maí 2022 til málsaðila var honum boðið að koma með frekari skýringar eða sjónarmið áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins. Í bréfinu var jafnframt óskað eftir afstöðu málsaðila til þess hvort hann óskaði eftir að ljúka málinu með sátt. Málsaðili svaraði með bréfi dags. 9. júní 2022 þar sem óskað var eftir sátt í málinu.

II. Málsatvik og lagagrundvöllur

Hinn 11. apríl 2022 tilkynnti Sýn um lækkun hlutfjár í samræmi við ákvörðun aðalfundar frá 18. mars 2022. Við hlutfjárlekkunina fór eignarhlutur málsaðila í Sýn yfir 5%. Málsaðili tilkynnti um breytingu á eignarhlut sínum til fjármálaeftirlitsins og Sýnar 26. apríl 2022.

Eigandi, sem aftar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitt hvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, sbr. 1. mgr. 12. gr. luf.

Ef útgefandi hækkar eða lækkar hlutafé sitt, fjölgar eða fækkar atkvæðum eða breytingar verða á skiptingu atkvæðisréttar sem leiða til þess að atkvæðisréttur eiganda nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert þeirra marka sem talin eru upp í 1. mgr. 12. gr. luf. skal eigandinn senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 12. gr. Tilkynninguna skal senda án tafar og eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir að útgefandi hefur birt opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða, sbr. 2. mgr. 21. gr. luf.

Í málinu liggur fyrir að við tilkynningu Sýnar hinn 11. apríl 2022 um hlutafjárلækkun fór eignarhlutur málsaðila í félaginu yfir 5%. Því var málsaðila skylt að tilkynna um breytingar á eignarhaldi til Sýnar og fjármálaeftirlitsins í síðasta lagi fyrir lok dags 20. apríl s.á. Aftur á móti sinni málsaðili ekki þeirri skyldu fyrr en 26. apríl 2022 eða 6 dögum eftir að fyrrgreindum tímafresti lauk. Að mati fjármálaeftirlitsins hefur málsaðili gerst brotlegur við 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. luf., með því að hafa látið hjá líða að senda ofangreinda tilkynningu innan lögmæltis tímafrests.

III. Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með þeirri háttsemi sem lýst er að ofan gerst brotlegur við 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. luf.

Brot á 2. mgr. 21. gr. luf. getur varðar stjórnvaldssekt, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 43. gr. luf. Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. luf. skal við ákvörðun stjórnvaldssekta tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið lengi, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings eða taps sem forðað var með broti, taps þriðja aðila af brotinu að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 1,65 milljarða króna, en geta þó verið allt að 5% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi lögaðilans eða 5% af síðasta samþykka samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu, sbr. 2. másl. 3. mgr. 43. gr. luf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögunum með sátt með samþykki málsaðila, sbr. 45. gr. luf. Miðað er við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eiganda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hvaða aðilar eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans.

Þá tók sektarfjárhæðin enn fremur mið af því hversu langur tími leið frá því að tímafresti til að senda umræddar tilkynningar lauk og þangað til málsaðili sendi

flöggunartilkyningarnar. Til lækkunar á sektarfjárhæð horfir að málsaðili átti frumkvæði að því að tilkynna um brotið til fjármálaeftirlitsins og hefur lýst því yfir að hann muni grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að sambærilegt brot geti átt sér stað í starfsemi sinni. Þá horfir enn fremur til lækkunar sektarfjárhæðar að málsaðila hefur ekki á sl. fimm árum verið gerð sekt vegna brots gegn ákvæðum laga á fjármálamarkaði.

Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brots, sjónarmiðum málsaðila, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt og til greiðslu sektar að fjárhæð 900.000 krónur til ríkissjóðs.